

umsögnum búnaðarfélaganna lagðar fyrir aðalfund ræktunarsambandsins. Samþykki 23
löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti $\frac{3}{5}$ atkvæðisbærra fulltrúa, 13. febr.
skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar stað-
festingar landbúnaðarráðherra á þeim.

27. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta
samþykktaraðila liggi fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og lögmætur
aðalfundur ræktunarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti $\frac{3}{5}$ atkvæðis-
bærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

28. gr.

Nú er samþykkt úr gildi felld samkv. 27. gr. og renna þá eignir ræktunarfélags-
ins til búnaðarféлага Hörgslands- og Kirkjubæjarhreppa. Skiptast þær eftir sömu
reglum og farið var eftir við framlög til stofnsjóðs ræktunarfélagsins.

29. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

30. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráð-
herra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarð-
ræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir
frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til
eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. febrúar 1950.

Jón Pálmason.

Árni G. Eylands.

REGLUGERÐ

24

um breyting á reglugerð nr. 171 2. sept. 1947, um barnavernd á Akranesi.

30. jan.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Í umdæmi barnaverndarnefndar Akraness er börnum, yngri en 12 ára, eigi
leyfilegt að vera á almannafæri seinna en kl. 20 á tímabilinu frá 20. september til
15. apríl og ekki seinna en kl. 22 hinn tíma ársins, nema í fylgd með fullorðnum.
Foreldrar eða forráðamenn barnanna skulu sjá um, að ákvæðum þessum sé
framfylgt.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 29/1947, um vernd
barna og unglinga, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 30. janúar 1950.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.